

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 17. febrúar 2020

Mál nr. E-2190/2019:

A og B

(Sævar Þór Jónsson lögmaður)

gegn

C,

D til vara

og Ríkisútvarpinu ohf. til réttargæslu

(Stefán A. Svansson lögmaður)

Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var 20. janúar 2020, var höfðað 2. maí 2019 af hálfu A og félaginu B, aðallega á hendur C en til vara á hendur D vegna ærumeiðandi umfjöllunar. Til réttargæslu er stefnt Ríkisútvarpinu ohf., Efstaleiti 1, Reykjavík. Fyrirsvarsmaður stefnanda B er stefnandi A. Fyrirsvarsmaður réttargæslustefnda Ríkisútvarpsins ohf. er stjórnarformaður félagsins, E.

Stefnendur krefjast þess, hvor um sig, að eftirfarandi ummæli í stafliðum A–D, sem birtust á vefmiðlinum ruv.is hinn 30. ágúst 2017 kl. 19:00, verði dæmd dauð og ómerk:

- Grunur um mansal á Ö.*
- Eigandi veitingastaðar á Ö er grunaður um vinnumansal. Grunur leikur á að starfsfólkið fái greiddar þrjátíu þúsund krónur á mánuði í laun og borði matarafgangna af veitingastaðnum.*
- Samkvæmt heimildum fréttastofu er eigandi staðarins, sem er [...] kona, grunuð um vinnumansal.*
- Starfsmennirnir, fimm [...], hafi fengið loford um góða atvinnu og framtíðarþúsetu hér á landi, gegn því að greiða háa fjárhæð fyrir. Samkvæmt heimildum fréttastofu leikur grunur á að fólkið fái greiddar 30.000 krónur á mánuði í laun, borði matarafgangna af veitingastaðnum og fái þak yfir höfuðið. Fulltrúar stéttarfélagsins eru nú að skoða, ásamt fleiri opinberum aðilum, hver það sé sem finni fólkið í Æ og komi því hingað til lands.*

Þá krefjast stefnendur þess, hvor um sig, að eftirfarandi ummæli í staflið E, sem aðalstefnda, C, lét falla í beinni útsendingu í kvöldfréttum Ríkisútvarpsins hinn 30. ágúst 2017, verði dæmd dauð og ómerk:

E. *Samkvæmt heimildum fréttastofu er eigandi staðarins, sem er [...] kona, grunuð um vinnumansal. Starfsmennirnir, fimm [...], hafi fengið loforð um góða atvinnu og framtíðarúsetu hér á landi gegn því að greiða háa fjárhæð fyrir. Samkvæmt heimildum fréttastofu leikur grunur á að fólkið fái greiddar 30.000 krónur á mánuði í laun, borði matarafganga af veitingastaðnum og fái þak yfir höfuðið. Fulltrúar stéttarfélagssins eru nú að skoða, ásamt fleiri opinberum aðilum hver það sé sem finni fólkið í Æ og komi því hingað til lands.*

Stefnendur krefjast þess aðallega að aðalstefnda, C, en til vara varastefndi, D, verði dæmd til að greiða stefnendum, hvorum um sig, miskabætur að fjárhæð 3.000.000 króna, með vöxtum samkvæmt 1. másl. 4. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 30. ágúst 2017 til 12. janúar 2019, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Þá gera stefnendur aðallega þá kröfu að aðalstefnda, C, en til vara varastefndi, D, verði dæmd til að greiða stefnendum, hvoru um sig, 605.740 krónur, til að kosta birtingu forsendna og dómsorðs dóms í málinu í tveimur dagblöðum, eða að mati dómsins.

Stefnendur gera, hvor um sig, þá kröfu að forsendur og dómsorð í málinu verði birt á vefmiðlinum ruv.is og í dagskrá Ríkisútvarpsins, eigi síðar en sjö dögum frá uppkvaðningu dóms, að viðlögðum dagsektum að fjárhæð 100.000 krónur á dag þar til skyldunni er fullnægt.

Loks krefjast stefnendur þess, hvor um sig, að stefndu verði hvert fyrir sig dæmd til greiðslu málskostnaðar samkvæmt mati dómsins, að viðbættum virðisaukaskatti í tilviki stefnanda A.

Aðal- og varastefndu, C og D, krefjast, hvort um sig, sýknu af öllum kröfum stefnenda. Þá krefjast aðal- og varastefndu, hvort um sig, málskostnaðar úr hendi stefnenda óskipt, að skaðlausu samkvæmt mati dómsins.

Af hálfu réttargæslustefnda, Ríkisútvarpsins ohf., er krafist málskostnaðar úr hendi stefnenda óskipt, að skaðlausu samkvæmt mati dómsins.

Yfirlit málsatvika og ágreiningsefna

Stefnendur kveða mál þetta eiga rætur að rekja til þess að 30. ágúst 2017, kl. 19:00, hafi birst frétt undir fyrirsögninni: *Grunur um mansal á Ö* á vefmiðlinum ruv.is, sem sé á vegum réttargæslustefnda Ríkisútvarpsins ohf. (RÚV). Umfjöllunarefnið hafi verið meint mansalsmál á veitingastaðnum X á Ö, sem rekinn sé af stefnanda B. Veitingastaðurinn hafi sérstaklega verið nafngreindur í fréttinni og hafi eigandi hans, [...] kona, sem sé stefnandi A, verið sögð grunuð um vinnumansal samkvæmt heimildum fréttastofu. Sama dag hafi verið greint frá því í beinni útsendingu í kvöldfréttum RÚV að grunur léki á því að eigandi staðarins stundaði mansal samkvæmt heimildum frá

starfsmönnum stéttarfélagins Einingar-Iðju á Ö. Greint hafi verið frá því bæði í kvöldfréttum RÚV og á vefnum að [...] starfsmenn staðarins, sem fengið hefðu loforð um góða atvinnu og framtíðarþúsetu hér á landi gegn því að greiða háa fjárhæð, fengju aðeins greiddar 30.000 krónur í mánaðarlaun og fengju matarafgangna að borða. Fulltrúar stéttarfélagins væru nú að skoða, ásamt fleiri opinberum aðilum, hver finni fólkið í Æ og komi því hingað til lands.

Aðalstefnda, varastefndi og réttargæslustefndi héldu sameiginlega uppi vörnum í málinu og verður hér eftir vísað til þeirra sem stefndu, nema annað sé tekið fram. Af þeirra hálfu er atvikum svo lýst að aðstoðarframkvæmdastjóri Alþýðusambands Íslands hafi, í Síðdegisúthvarpinu á Rás 2 fimmtudaginn 24. ágúst 2017, sagt frá því að hann hefði fengið ábendingu um að [...] starfsmenn veitingastaðar á Ö, þaðan sem þátturinn hafi verið sendur út, hefðu þurft að reiða fram hundruð þúsunda króna til að koma hingað til lands að vinna og fengju borguð mánaðarlaun sem hlypu á tugum þúsunda ásamt því að lögboðinn vinnutími væri ekki virtur. Athugun fréttastofu, þ.e. fréttamannsins aðalstefndu C, hafi leitt í ljós að það væri [...] veitingastaðurinn X á Ö sem vísað væri til. C hafi grennslast frekar fyrir um málið og meðal annars fengið þær upplýsingar frá stéttarfélaginu Einingu-Iðju á Ö mánudaginn 28. ágúst 2017 að verið væri að skoða málið og leita að [...] túlki til þess að ræða við starfsmenn. Næstu daga hafi C fengið frekari upplýsingar um þær grunsemdir sem um ræddi, þ.m.t. um meint kjör og aðstæður þeirra starfsmanna sem í hlut áttu. Hún hafi talið sig jafnframt hafa heimildir fyrir því að fulltrúar Eflingar-Iðju ætluðu í formlega heimsókn til á veitingastaðinn. Þær heimildir hafi verið traustar og hafi reynst réttar. Þá hafði, samkvæmt hennar heimildum, verið haft samband við Rauða krossinn til að óska eftir aðstoð við að útvega [...] starfsmönnum húsnæði, þar sem óttast væri að þeir myndu missa vinnu og húsnæði. Sömu leiðis hafi hún haft heimildir fyrir því að búið væri að gera lögreglu viðvart og að málið hefði þannig ratað inn á hennar borð.

Klukkan 18:00 miðvikudaginn 30. ágúst 2017 fóru tveir fulltrúar stéttarfélagins Einingar-Iðju á veitingastaðinn, ásamt [...] túlki, til þess að ræða við starfsfólkið. Haft var eftir F, formanni stéttarfélagins, á mbl.is þá um kvöldið að nógu margar ábendingar hefðu borist vegna staðarins til þess að ákveðið hefði verið að fara í eftirlit. Sambærilegar yfirlýsingar birtust í öðrum fjölmiðlum. Stefndu kveða aðalfréttatíma RÚV þannig upp byggðan að á hverju kvöldi sé að jafnaði að minnsta kosti ein bein útsending frá vettvangi auk viðtals í beinni útsendingu í myndveri. Þetta kvöld hafi verið ákveðið að umrædd frétt yrði send út af vettvangi, meðal annars vegna þess að aðgerðin í húsnæði X hafi verið í gangi á útsendingartíma fréttu. Leitað hafi verið viðbragða stefnanda þegar næsta dag, ítrekað. Þau hafi hins vegar ekki viljað veita viðtal. Ekkert færi hafi gefist á viðtali við stefnanda A, eiganda veitingastaðarins, í hinni beinu útsendingu, enda hafi aðgerðir þá staðið yfir.

Stefnendur kveða það rangt að heimildir fréttamanns RÚV á Ö hafi verið frá starfsmönnum Einingu-Iðju komnar og vísa til yfirlýsingar stéttarfélagsins frá 15. september 2017. Þar komi fram að ekkert athugavert hafi fundist við könnun þess á rekstri félagsins og að upplýsingar sem fram kæmu í þeim gögnum sem kallað hefði verið eftir stæðust almenna kjarasamninga og launataxta sem giltu á veitingahúsum. Starfsmenn Einingar-Iðju hafi aðeins staðfest að ábending hefði komið fram og að grunur léki á því að eitthvert misferli væri í gangi, en aldrei hafi verið fullyrt af hálfu starfsmanna stéttarfélagsins að grunur væri um mansal, þ.e. refsiverða háttsemi. Ekki hafi þótt tilefni til að aðhafast frekar í málinu. Stefnendur telja að umfjöllunin, sem sett sé fram sem staðreyndir, byggist öll á þeirri röngu ályktun að stefnandi sé grunuð um refsiverða háttsemi án þess að fyrir því liggi nokkur rök eða sönnunargögn. Í kjölfar umfjöllunar RÚV um málefni veitingastaðarins hafi fréttin verið tekin upp af öðrum fjölmiðlum og fengið mikla útbreiðslu og hafi frétttaflutningurinn haft alvarlegar afleiðingar bæði fyrir rekstur staðarins og fyrir andlega líðan stefnanda A og fjölskyldu hennar.

Með bréfi lögmanns stefnenda til fréttastofu RÚV, dags. 12. desember 2018, kröfðust þau miskabóta og formlegrar afsökunarbeiðni vegna frétttaflutningsins. Með bréfi skrifstofustjóra RÚV 21. desember s.á. var erindinu hafnað og vísað til þess að umfjöllunin hefði átt erindi við almenning, væri innan þeirra marka sem stjórnarskráin setji fjölmiðlum og til þess að fréttin hefði byggst á traustum og áreiðanlegum heimildum. Stefnendur munu hafa höfðað mál í mars 2019 vegna umræddra atvika og þá stefnt RÚV og varastefnda D, en ekki fréttamanninum, aðalstefndu í þessu máli. Málið var fellt niður að fram kominni greinargerð stefndu og þetta mál höfðað í kjölfarið.

Við aðalmeðferð málsins kom stefnandi A fyrir dóm og gaf skýrslu með aðstoð tólks og það gerði einnig vitnið G, fyrrum starfsmaður stefnenda. Aðalstefnda C gaf aðilaskýrslu fyrir dómi og vitni bar þar I, aðstoðarframkvæmdastjóri Alþýðusambands Íslands. Þá báru vitni um síma þeir F, formaður stéttarfélagsins Einingar-Iðju, og J, starfsmaður sama stéttarfélags. Verður vísað til þess sem fram kom í skýrslum fyrir dómi í niðurstöðukafla dómsins eftir því sem þurfa þykir.

Málsástæður og lagarök stefnenda

Um lög og starfsreglur RÚV og aðild stefndu

Réttargæslustefndi RÚV sé sjálfstætt opinbert hlutafélag í eigu íslenska ríkisins, stofnað samkvæmt heimild í lögum nr. 6/2007, sbr. nú sérlög um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannapágu nr. 23/2013. Um starfsemina gildi einnig lög nr. 38/2011 um fjölmiðla. Í 3. gr. laga nr. 23/2013, hliðstæð ákvæði 1. mgr. 24. gr. laga nr. 38/2011, sé lýst á ítarlegan hátt hlutverki og skyldum réttargæslustefnda RÚV auk helstu markmiða með rekstri fjölmiðlaþjónustu í almannapágu. Ákvæði 4. mgr. myndi almennan ramma utan um starfshætti RÚV, þar sem fjallað sé nánar um hlutverk og skyldur RÚV í sjö liðum. Fram

komi í 2.–4. tölul. að RÚV skuli í starfsháttum ábyrgjast að sanngirni og hlutlægni sé gætt í frásögn og dagskrárgerð, leitað sé upplýsinga frá báðum eða öllum aðilum og sjónarmið þeirra kynnt sem jafnast. Að auki beri starfsmönnum RÚV að sannreyna að heimildir séu réttar og sanngirni sé gætt í framsetningu og efnistöfum og virða friðhelgi einkalífsins í fréttum og dagskrárefni. Með heimild í 1. mgr. 12. gr. laga nr. 23/2013 hafi varastefndi D sett starfsmönnum RÚV, sem vinni að fréttaskrifum, frétttaflutningi og tengdu dagskrárefni, tilteknar reglur um fréttir og dagskrárefni, dags. 1. júní 2016, sem eigi að endurspeglar þau vönduðu vinnubrögð sem starfsmönnum RÚV sé gert að viðhafa. Fréttastjóri hafi jafnframt sett sérstakar starfsreglur um úrvinnslu fréttar, en reglur þessar hafi verið þverbrotnar.

Máli þessu sé beint að stefndu með vísan til 50. og 51. gr. laga nr. 38/2011 um fjölmiðla þar sem fjallað sé um refsí- og fébótaábyrgð á hljóð- og myndefni, svo og ritefni. Aðalstefnda C beri aðallega ábyrgð á hinum umstefndu ummælum í staflidum A–D, á grundvelli a-liðar 1. mgr. 51. gr. laga nr. 38/2011, um ábyrgð á ritefni, þ.m.t. fébótaábyrgð. Þar segi að einstaklingur beri ábyrgð á því efni sem hann riti í eigin nafni eða merki sér með augljósum hætti sé hann heimilisfastur hér á landi eða lúti íslenskri lögsögu á öðrum grundvelli. Fréttin sem birst hafi á ruv.is, og staflidur A–D í dómkröfum taki til, hafi verið rituð í nafni aðalstefndu C, merkt og auðkennd henni, bæði með mynd og nafni. Fréttin hafi verið samin af henni og beri hún því ábyrgð á efni hennar og framsetningu. Hún beri einnig aðallega ábyrgð á hinum umstefndu ummælum í staflid E, á grundvelli a-liðar 1. mgr. 50. gr. laga nr. 38/2011, um ábyrgð á hljóð- og myndefni, þ.m.t. fébótaábyrgð. Þar segi að einstaklingur sem tjái sig í eigin nafni, flytji eða miðli efni sem hann hafi sjálfur samið eða flytji efni samið af öðrum samkvæmt eigin ákvörðun beri á því ábyrgð sé hann heimilisfastur hér á landi eða lúti íslenskri lögsögu á öðrum grundvelli. Aðalstefnda C hafi samið og flutt fréttina, sem hafi að geyma hin umstefndu ummæli, í beinni útsendingu og beri hún því ábyrgð á efni hennar og framsetningu. Með tilliti til þessa og uppbyggingar umræddra ábyrgðarreglna 50. og 51. gr. laga nr. 38/2011 sé máli þessu réttilega beint aðallega að aðalstefndu C.

Til vara sé á því byggt að varastefndi D beri fébótaábyrgð á hinum umstefndu ummælum, í staflidum A–E, á grundvelli c-liðar 1. mgr. 50. gr. og c-liðar 1. mgr. 51. gr. laga nr. 38/2011, sbr. lög nr. 54/2013. Undir c-lið greinanna segi að í öðrum tilvikum beri ábyrgðarmaður fjölmiðils ábyrgð á því efni sem miðlað sé. Samkvæmt 3. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 38/2011, sbr. lög nr. 54/2013, sé ábyrgðarmaður skilgreindur sem starfsmaður fjölmiðils sem beri ritstjórnarlega ábyrgð á efni og efnisvali og ákvarði hvernig það sé skipulagt, t.d. ritstjóri, dagskrárstjóri eða útvarpsstjóri. Í greinargerð með frumvarpi til breytingalaganna séu tekin af öll tvímæli um að aðeins einn aðili verði gerður ábyrgur fyrir því efni sem miðlað sé, þ.e. ef ábyrgðarreglur a- og b-liðar 1. mgr. 50. gr. og a- og b-liðar 1. mgr. 51. gr. laganna eiga ekki við. Ekki sé lengur gert ráð fyrir

Því að efnisstjóri og ábyrgðarmaður geti verið samábyrgir að þessu leyti og verði því einungis einn aðili gerður ábyrgur hverju sinni þó svo að sameiginleg ábyrgð geti komið til í ákveðnum tilvikum. Rökin fyrir þessu séu þau að hlutverk ábyrgðarmanns skuli felld á þann einstakling í starfsliði fjölmiðils sem fari með ritstjórnarlegt vald á því dagskráefni sem miðlað sé, þ.e. ef aðrar ábyrgðarreglur eiga ekki við. Sú skilgreining sé í samræmi við tilskipun 2010/13/ESB, þar sem hugtakið ritstjórnarleg ábyrgð sé skilgreint sem *framfylgni á virkri stjórnun bæði á vali dagskrárliða og skipulagi þeirra*. Samkvæmt 2. mgr. 11. gr. laga nr. 23/2013 fari útvarpsstjóri með daglegan rekstur RÚV og sé *æðsti yfirmaður allrar dagskrárgerðar*. Útvarpsstjóri skuli við daglegan rekstur RÚV hafa að leiðarljósi hlutverk og skyldur þess eins og kveðið sé á um í lögum. Varastefndi D sé útvarpsstjóri RÚV og sé því æðsti yfirmaður allrar dagskrárgerðar, sbr. 2. mgr. 11. gr. laga nr. 23/2013. Stöðu sinnar vegna teljist hann sjálfkrafa vera ábyrgðarmaður allrar dagskrárgerðar í skilningi 3. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 38/2011. Með hliðsjón af þessu, og þeim breytingum sem gerðar hafi verið með lögum nr. 54/2013, sé máli þessu réttilega til vara beint að varastefnda D. Stefnendur beri fyrir sig öll sömu sjónarmið og málsástæður og eigi við um aðalstefndu C, gagnvart honum, eftir því sem við eigi.

Umrædd frétt hafi birst á vefmiðlinum ruv.is, sem haldið sé úti af réttargæslustefnda RÚV, og í beinni útsendingu í kvöldfréttum RÚV. Réttargæslustefndi sé vinnuveitandi stefndu og beri ábyrgð á greiðslu miskabóta sem aðalstefndu eða varastefnda kunni að vera gert að greiða stefnendum, sbr. 2. mgr. 50. gr. og 2. mgr. 51. gr. laga nr. 38/2011 um fjölmiðla. Í báðum tilvikum beri fjölmiðlaveita ábyrgð á greiðslu fésekta og skaðabóta sem *starfsmanni* hennar kunni að vera gert að greiða. Með sama hætti sé kveðið á um skyldu fjölmiðlaveitu, þ.e. réttargæslustefnda RÚV, til að birta dóm að viðlögðum dagsektum í 59. gr. laga nr. 38/2011. Framangreindar skyldur hvíli á réttargæslustefnda RÚV samkvæmt skýrum og ótvíræðum lagareglum og sé því ekki nauðsynlegt að stefna honum til þess að þola dóm í málinu. Engu að síður sé rétt að gefa honum kost á því að gæta hagsmuna sinna í málinu og því sé honum stefnt til réttargæslu.

Kröfur um að tilgreind ummæli verði dæmd dauð og ómerk

Þau ummæli sem krafist sé ómerkingar á feli í sér ærumeiðandi móðgun og aðdróttun í garð stefnenda og þar með brot á 234., 235. og 236. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Tilgreind ummæli séu röng og afar meiðandi fyrir stefnendur, auk þess sem þau séu sýnilega til þess fallin að skaða orðspor þeirra. Samkvæmt framangreindum ákvæðum almennra hegningarlaga njóti stefnendur æruverndar fyrir meiðandi ummælum eins og þeim sem birst hafi í umræddum fréttaflokkningi. Stefnandi A byggi enn fremur á því að með umfjöllun sinni hafi aðalstefnda C brotið gegn friðhelgi einkalífs hennar, sem njóti verndar 71. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, sem og 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Hugtakið einkalíf í skilningi framangreindra ákvæða sé víðtækt og feli m.a. í sér vernd fyrir árásum á æru og mannorð.

Veitingastaðurinn X, rekinn af stefnanda B, njóti einnig æruverndar á grundvelli 1. gr. laga nr. 71/1928 um vernd atvinnufyrirtækja gegn óréttmætum prentuðum ummælum, sem og refsiverndar samkvæmt 234. og 235. gr. almennra hegningarlaga. Æruvernd lögaðila á grundvelli hegningarlaga og laga nr. 71/1928 hafi berum orðum verið staðfest í dómi Hæstaréttar frá 10. apríl 2003 í málinu nr. 426/2002.

Í ummælunum sem fram komi í staflíðum A, B, C og D eins og þau hafi verið birt á vefmiðlinum ruv.is, og sem greinir í staflíð E sem féllu í kvöldfréttum sama dag, felist ólögleg meingerð gegn stefnendum, sem fari langt út fyrir mörk leyfilegs tjáningarfrelsis. Tjáningarfrelsi fjölmiðla, sem byggist á 73. gr. stjórnarskrárinnar, takmarkist af réttindum og mannorði annarra samkvæmt 3. mgr. sömu greinar og séu fyrrgreind ákvæði 234., 235. og 236. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 lögbundnar takmarkanir á tjáningarfrelsinu í samræmi við þessa heimild. Að sama skapi sé ljóst að 71. gr. stjórnarskrárinnar setji tjáningarfrelsi samkvæmt 73. gr. ákveðnar skorður og stjórnarskrárvarið tjáningarfrelsi geti því ekki verið skálkaskjól til að hafa uppi ósönn og villandi ummæli sem vega að æru og mannorði samborgaranna. Við mat á því hvort tjáning sé leyfileg sé, eins og því hafi verið lýst af Hæstarétti, metið hvort efni hafi getað talist þáttur í þjóðfélagssumræðu og eigi erindi til almennings.

Ummælin sem krafist sé ómerkjar á séu ekki gildisdómar sem njóti almennt ríkari verndar tjáningarfrelsis stjórnarskrárinnar, eins þeir hafi verið skilgreindir í dómaframkvæmd Mannréttindadómstóls Evrópu. Hér sé ekki um að ræða skoðun eða svokallað gildismat stefndu heldur beinar fullyrðingar og alvarlegar ávirðingar sem verið hafi rangar. Ekki verði annað séð af framsetningu ummælanna en að þau feli í sér ærumeiðandi aðdróttun og móðganir, sem varði við 234., 235. og 236. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þau beri að ómerkja með vísan til 1. mgr. 241. gr. sömu laga. Ummælin séu sett fram sem staðhæfingar um staðreyndir án þess að færðar séu sönnur fyrir þeim, en sönnunarbyrðin hvíli á stefndu. Virða verði ummælin í samhengi við önnur ummæli í fréttinni og efni hennar í heild.

Jafnvel þó að nafn stefnanda A komi ekki fram í samhengi við hin umstefndu ummæli, þá hafi sérstaklega verið greint frá því að *eigandi staðarins, sem er [...] kona* væri grunuð um vinnumansal. Ummælin hafi því ekki beinst að ótilteknum fjölda aðila heldur tilteknum einstaklingi. Veitingastaðurinn, sem sé á Ö, hafi einnig sérstaklega verið sýndur og nafngreindur á vefnum og í aðalfréttatíma RÚV. Umræddar upplýsingar séu því persónugreindar eða persónugreinanlegar. Taka verði tillit til þess, með hliðsjón af útbreiðslu fréttanna, að það hafi verið á vitorði allra hver ætti í hlut, enda auðvelt að átta sig á því um hvaða veitingastað og einstakling væri að ræða í svo fámennu og opnu samfélagi, þar sem miklar upplýsingar um fólk séu öllum tiltækar.

Hér sé vísað til dóms Mannréttindadómstóls Evrópu frá 6. apríl 2010 í málinu nr. 45130/06, Ruokanen o.fl. gegn Finnlandi. Engum verði gert að sæta refsingu nema hann

hafi gerst sekur um háttsemi sem hafi verið refsiverð samkvæmt lögum á þeim tíma þegar hún átti sér stað samkvæmt 69. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944. Í 70. gr. sé ákvæði um réttláta málsmeðferð fyrir dómi og um að hver sá sem borinn sé sökum um refsiverða háttsemi skuli talinn saklaus þar til sekt hans hafi verið sönnuð, sbr. 2. mgr. sömu greinar. Þetta séu sjálfsögð grundvallarmannréttindi í flestum réttarríkjum. Samkvæmt 227. gr. a. í almennum hegningarlögum nr. 19/1940 sé mansal refsivert, m.a. með því að misnota mann til nauðungarvinnu í því skyni að hagnast fjárhagslega eða efnislega með öðrum hætti. Mansal sé ein grófasta birtingamynd mannréttindabrota og sé svívirðilegt brot í augum almennings. Mansal sé fræðilegt hugtak og jafnan notað um skipulagða glæpastarfsemi sem felist í verslun með menn í hagnaðarskyni. Í mansali felist m.a. flutningur, vistun eða móttaka einstaklinga sem með ógnun, valdbeitingu eða öðrum kúgunaraðferðum, svikum og blekkingum, eru hagnýttir í þágu hins brotlega. Hagnýting felist oft í þvingaðri nauðungarvinnu eða þrældómi. Þannig sé mansal náskýlt þrælhaldi, að minnsta kosti í augum almennings. Hugtakanotkunin í efni fréttarinnar, þ.e. þær grunsemdir sem um ræddi, sem reynst hafi rangar, falli með engum hætti að viðurkenndri fræðilegri skilgreiningu. Því hafi verið slegið föstu að grunur væri um mansal án þess að sá grunur samrýmdist því hugtaki.

Rannsókn sakamála sé í höndum lögreglu samkvæmt 1. mgr. 52. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Telji lögregla að rökstuddur grunur hafi vaknað um að maður sé þolandi mansals höfði ákærandi sakamál gegn hinum brotlega með útgáfu ákæru, sbr. 152. gr. laganna. Það sé hlutverk dómenda að skera úr um sekt eða sakleysi manna sem ákærðir hafa verið fyrir mansal og aðra refsiverða háttsemi, sbr. 2. gr. stjórnarskrárinnar. Hin umþrættu ummæli hafi verið samin og flutt af aðalstefndu C, fréttamanni. Einhverra hluta vegna hafi hún kosið að svipta stefnanda A framangreindum grundvallarréttindum og úthropa hana sem þrælhaldara án þess að formleg lögreglurannsókn væri í gangi. Óumdeilt sé að stefnandi A hafði ekki verið kærð fyrir mansal, hvað þá að ákæra hefði verið gefin út og dómur fallið. Engin gögn eða upplýsingar í málinu styðji fullyrðinguna um að hún hafi með nokkrum hætti verið viðriðin mansal. Jafnvel þó að grunsemdir væru um misferli þá hafi það hvorki verið á valdsviði heimildarmanns né aðalstefndu C að slá því föstu að stefnandi A væri grunuð um mansal. Einungis handhafar opinbers valds séu til þess bærir og liggi þá öll atriði fyrir sem horfi bæði til sýknu og sektar. Aðalstefnda C beri alla ábyrgð á framsetningu fréttanna og hvernig og með hvaða hugtakanotkun hún hafi fjallað um málið.

Þrátt fyrir að stefnandi hafi verið sögð *grunuð* um mansal sé það engu að síður alvarleg ásökun sem hafi verið ósönn og með öllu tilhæfulaus. Löng hefð sé fyrir því að nota orðið grunaður bæði í fræðilegri og almennri umfjöllun hér á landi. Þekktasta notkunin á hugtakinu sé sjálfsagt í tengslum við rannsóknir lögreglu og ákærvalds í sakamálum, en hugtakið sé einnig í mjög almennri notkun. Í fréttum séu orðin grunaður

maður jafnan notuð í tengslum við sakamálarannsóknir þar sem maður sé borinn sökum um refsiverða háttsemi. Fjölmiðillinn Kjarninn hafi notað hugtakið *grunaður* til að lýsa því að maður frá Srí Lanka væri grunaður um mansal en hann hafði verið úrskurðaður í gæsluvarðhald, ólíkt þessu máli. Annar fjölmiðill hafi notað orðið *grunaður* um úrskurð Landsréttar, mál nr. 29/2019, þar sem karlmanni hafi verið gert að sæta farbanni vegna gruns um mansal og smygl á fólki. Báðar fréttir hafi að jafnaði átt erindi til almennings enda hafi legið fyrir rökstuddur grunur um mansal. Sá grunur hafi ekki verið fyrir hendi í þessu máli. Hugtakið *grunaður* hafi saknæma merkingu í hugum fólks og tengist refsiverðri háttsemi. Í fréttinni í þessu máli sé ekki einungis staðhæft að eigandi staðarins sé grunaður um vinnumansal heldur sé ítarlega fjallað um það með hvaða hætti stefnandi eigi að hafa brotið þannig af sér. Nefndar séu tilteknaðar fjárhæðir, dylgjað um slæman aðbúnað og gefið til kynna að lögreglurannsókn sé í aðsigi eða í gangi, sem hafi verið rangt. Þar sem ætluð brot höfðu ekki verið kærð til lögreglu og engin lögreglurannsókn hafi verið í gangi hafi umfjöllun stefndu eins hún hafi verið birt alls ekki verið tímabær og ekkert erindi átt til almennings. Umfjöllunin hafi ekki aðeins virt að vettugi rétt stefnanda til að teljast saklaus uns sekt er sönnuð heldur hafi hún jafnframt grafið verulega undan orðsþori hennar. Þegar litið sé til samhengis umfjöllunarinnar og efnis hennar í heild sé ljóst að stefnanda A sé borin á brýn háttsemi sem er refsiverð samkvæmt almennum hegningarlögum nr. 19/1940, sbr. 227. gr. a í lögunum.

Rík skylda hvíli á fjölmiðlum og fréttamönnum til að fylgja skráðum háttennisreglum, siðareglum og starfsreglum með hliðsjón af friðhelgi einkalífs, einkum þegar komi að umfjöllun um meinta refsiverða háttsemi, en mansal varði allt að 12 ára fangelsi. Sú skylda sé lögð á fjölmiðlaveitu í 26. gr. laga nr. 38/2011, um fjölmiðla, að gæta þess að uppfylla kröfur um hlutlægni og nákvæmni í fréttaflutningi sínum og gæta þess að mismunandi sjónarmið komi fram, sbr. einnig 4. mgr. 3. gr. laga nr. 23/2013. Því hafi hins vegar farið fjarri við umræddan fréttaflutning hinn 30. ágúst 2017.

Réttur stefnanda A til að koma sínum sjónarmiðum á framfæri hafi verið virtur að vettugi, sbr. 2. gr. reglna um fréttir og dagskrárefni, hliðstæða reglu 3. mgr. 4. gr. vinnureglna RÚV. Henni hafi aldrei verið gefinn kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum sínum áður en fréttin birtist. Staðhæft hafi verið að stefnandi væri grunuð um refsiverða háttsemi án þess að það byggði á traustum og áreiðanlegum heimildum, í bága við 7. gr. reglna um fréttir og dagskrárefni, sbr. 1. og 2. mgr. 2. gr. vinnureglna RÚV. Fréttin hafi eingöngu byggst á frásögn eins manns af atvikum, sem óskað hafi nafnleyndar, og hafi sú frásögn síðar verið hrakin í einu og öllu. Ekkert athugavert hafi fundist við könnun stéttarfélagssins á rekstri félagsins. Öll gögn hafi staðist almenna kjarasamninga og launataxta sem gildi á veitingahúsum. Fréttin hafi ekki byggst á áreiðanlegum heimildum, sem sé mergurinn málsins. Þótt einhverjar óútskýrðar

grunsemdir hafi verið fyrir hendi, sem engin fótur hafi verið fyrir, hafi því aldrei verið haldið fram af hálfu starfsmanna stéttarfélagssins að grunur væri um mansal.

Aðalstefnda C hafi ekki sannreynt sannleiksgildi hinna umstefndu ummæla áður en fréttin var birt í samræmi við 4. mgr. 3. gr. laga nr. 23/2013, 3. gr. reglna um fréttir og dagskráefni og 2. mgr. 6. gr. vinnureglna RÚV. Þar segi orðrétt: *Fréttamönnum ber ætíð að fullvissa sig um að upplýsingar þeirra séu réttar og eiga afdráttarlaust að fylgja þeirri reglu að leita til fleiri en eins aðila til að sannreyna þær upplýsingar sem þeir hafa undir höndum.* Aðalstefnda C hafi haft samband við I í framhaldi af viðtali sem hann hafi átt við Síðdegisútvarpið 24. ágúst 2017. Fréttin hafi verið birt aðeins nokkrum dögum síðar. Umrædd frétt hefði aldrei verið birt eins og gert hafi verið ef aðalstefnda C hefði grennslast frekar fyrir um málið og fengið frekari upplýsingar. Formaður stéttarfélagssins hafi fullyrt að rangt væri að heimildir þessar væru frá því komnar. Aðalstefnda C hafi því ekki getað verið í góðri trú um sannleiksgildi þeirra ummæla sem í fréttinni hafi falist. Hún beri alla ábyrgð á því að hafa ekki sannreynt sannleiksgildi þeirra áður en fréttin var birt, sbr. dóm Hæstaréttar frá 15. nóvember 2012 í málinu nr. 69/2012 og dóm Hæstaréttar frá 24. nóvember 2011 í málinu nr. 179/2011.

Stefnendur hafi sýnt fram á að ummælin séu röng og feli í sér ærumeiðandi móðgun og aðdróttun sem sé virðingu og orðspori þeirra til hnekkis, sbr. 234., 235. og 236. gr. almennra hegningarlaga. Því beri að verða við kröfu þeirra um að ummælin verði dæmd dauð og ómerk, enda hafi í íslenskri dómaframkvæmd verið talið að sá sem viðhafi ósönn og illa ígrunduð ummæli sem séu meiðandi fyrir aðra verði að sæta ábyrgð á slíku.

Kröfur um greiðslu miskabóta

Kröfur um miskabætur úr hendi stefndu séu reistar á b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, um að heimilt sé að gera þeim sem ábyrgð beri á ólögmætri meingerð gegn frelsi, friði, æru eða persónu annars manns að greiða þeim sem misgert var við miskabætur. Af orðalaginu *annars manns* virðist í fljótu bragði nærtækt að ætla að lögpersónur geti ekki fallið undir ákvæðið. Það hafi þó verið viðurkennt af Hæstarétti Íslands að hlutlæg æra lögpersóna njóti æruverndar samkvæmt ákvæði 26. gr. skaðabótalaga. Af lögskýringargögnum með lögum nr. 50/1993 verði ekki ráðið að ætlunin hafi verið að breyta hinum eldri viðhorfum um að lögaðilar geti átt rétt til miskabóta vegna árása á hlutlæga æru sína og af dómaframkvæmd Hæstaréttar eftir gildistöku laganna megi skýrlega ráða að lögpersónur geti átt rétt á bótum samkvæmt 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, sbr. t.d. dóm Hæstaréttar frá 1. febrúar 1996 í málinu nr. 383/1994.

Umstefnd ummæli, sem séu óumdeilanlega röng, feli í sér ólögmæta meingerð í skilningi b-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, sem aðalstefnda C beri fébótaábyrgð á samkvæmt ákvæði 50. gr. og 51. gr. laga nr. 38/2011 um fjölmiðla. Stefnandi A telji orðspor sitt og virðingu hafa beðið verulegan hnekki vegna birtingar

umræddra fréttu. Látið sé að því liggja að hún hafi verið borin sökum um refsiverða háttsemi og mjög alvarlegt brot. Með slíkum aðdróttunum sé grafið undan orðsþori stefnanda og starfsheiðri og hún gerð tortryggileg í augum almennings.

Við mat á ákvörðun bótafjárhæðar verði m.a. að skoða ummælin og áhrif þeirra og þýðingu fyrir stefnanda A með hliðsjón af starfi hennar. Í framlögðu bréfi lýsi hún í eigin orðum m.a. upphafi búsetu sinnar á Íslandi, stolti sínu af því að geta kallað sig Íslending, og fjölmörgum verkefnum sem hún hafi stýrt og komið að á einn eða annan hátt. Þau verkefni hafi mörg hver varðað samskipti íslenska ríkisins og Æ. Hafi hún margsinnis staðið við hlið fulltrúa ríkisins, einkum forseta Íslands, m.a. í heimsóknum hans og samskiptum við [...] stjórnvöld. Hún greini frá því að árið 2010 hafi hún haldið blaðamannafund á fimm stjörnu hóteli í [...]borg, þar sem forseti Íslands, 600 [...] söluaðilar og fulltrúar 20 fjölmiðla hafi verið viðstaddir. Þessi fundur hafi orðið til þess að auka mjög sölu á íslenskum vörum í Æ. Þá sé hún frumkvöðull í ferðaþjónustu hvað varði ferðir [...] til Íslands. Til að bregðast við auknum fjölda [...] ferðamanna til landsins hafi hún ákveðið árið 2016 að flytja búferlum til Ö og stofna þar veitingastaðinn X. Þá lýsi stefnandi í eigin orðum afleiðingum fréttuumfjöllunarinnar, þar sem hún segi að 30. ágúst 2017 hafi verið myrkur dagur í lífi hennar og fjölskyldunnar. Hún hafi verið að koma af skólasetningu Tónlistarskólans á Ö með átta ára dóttur sinni og ætlunin hafi verið að snæða kvöldverð á veitingastaðnum þegar þeim hafi mætt lið fréttamanna með myndavélar og tækjabúnað, sem reynst hafi dóttur hennar afar erfitt. Hafi dóttir hennar í kjölfarið falið sig hágrátandi inni á veitingastaðnum og haft miklar áhyggjur af því hvort móðir hennar væri að fara í fangelsi. Umfjöllunin hafi því valdið stefnanda og fjölskyldu verulegu hugarangri, kvíða og miska. Þá verði jafnframt að gefa því gaum að aðrir fjölmiðlar hafi tekið þær rangfærslur sem birst hafi í fréttinni upp eftir RÚV og hafi útbreiðslan því orðið meiri, auk þess sem ósannindin lifi enn á netinu.

Áburður af þessu tagi geti riðið hvaða fyrirtæki sem er að fullu, ekki síst þegar ríkisfjölmiðillinn sjálfur fari fram með fréttina af öllu afli eins og gert hafi verið. Í kjölfar umfjöllunarinnar hafi birgjar fjarlægt vörukæla af staðnum, viðskipti hafi dregist saman og stefnandi þurft að loka staðnum tímabundið. Líta beri til þess og þeirra áhrifa sem réttargæslustefndi RÚV hafi í ljósi stöðu sinnar sem ríkisfjölmiðils. Bent sé á að 95% þjóðarinnar nýti sér þjónustu RÚV í hverri viku og yfir 76% nýti sér þjónustuna daglega, en það sé með því mesta sem þekkist meðal ríkisfjölmiðla í Evrópu. Fréttin hafi verið sýnd í beinni útsendingu og í ólæstri dagskrá í aðalfréttatíma RÚV og sé enn aðgengileg á vefnum bæði í hljóð- og ritmynd. Ummælin hafi því haft mjög skaðleg áhrif á orðspor félagsins og séu til þess fallin að skaða viðskiptavild og raska stöðu fyrirtækisins. Fjárhæð miskabótakröfu stefnanda hvors um sig, 3.000.000 króna, geti ekki talist annað en hófleg í þessu tilliti og fái stuðning í 1. gr. laga nr. 71/1928 og 26. gr. skaðabótalaga.

Kröfur um greiðslu kostnaðar vegna birtingar dóms

Kröfur stefnenda um að aðalstefndu C, en til vara varastefnda D, verði gert að greiða stefnendum, hvorum um sig, 605.740 krónur eða samtals 1.211.480 krónur, til að kosta birtingu dóms í málinu, þ.e. forsendna og dómsorðs, í tveimur dagblöðum byggist á 2. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga. Samkvæmt ákvæðinu má dæma þann *sem sekur reynist um ærumeiðandi aðdróttun* til þess að greiða þeim sem misgert var við hæfilega fjárhæð til þess að standast kostnað af birtingu dóms og forsendna hans. Þessari kröfu sé því að réttu lagi beint að stefndu. Um fjárhæð sé vísað til framlagðra gagna um auglýsingakostnað hjá tveimur dagblöðum. Birta þurfi forsendur og dómsorð á heilsíðum á bls. 3 í tveimur dagblöðum. Ummælin í staflíðum A, B, C, D og E séu þess eðlis að þau breiðist hratt út og veki mikla eftirtekt. Fjárhæðin miðist við birtingu í DV og Fréttablaðinu og nemi samtals 1.211.480 krónum. Nánar sé um að ræða 165.000 krónur, auk vsk. 39.600 krónur, eða samtals 204.600 krónur, vegna heilsíðuauglýsingar á bls. 3 samkvæmt verðskrá DV og 812.000 krónur, auk vsk. 194.880 krónur, eða samtals 1.006.880 krónur, vegna birtingar heilsíðuauglýsingar á bls. 3 samkvæmt verðskrá Fréttablaðsins, alls 1.211.480 krónur.

Kröfur um birtingu forsendna og dómsorðs að viðlögðum dagsektum

Kröfur um að forsendur og dómsorð í málinu verði birt á vefsvæðinu ruv.is. og í dagskrá RÚV, að viðlögðum dagsektum eftir að dómur gengur, byggist á 59. gr. laga nr. 38/2011, um fjölmiðla. Teljist ruv.is, sem haldið sé úti af réttargæslustefnda RÚV, til ritmiðils í skilningi ákvæðisins, sbr. 34. tölul. 1. mgr. 2. gr. laganna, og sjónvarpsútsending til myndefnis, sbr. 37. tölul. 1. mgr. 2. gr. sömu laga. Ummælin í staflíðum A-E séu þess eðlis að dæma beri þau dauð og ómerk og sé skilyrðum 59. gr. laganna því fullnægt.

Um lagarök sé vísað til 2. mgr. 70. gr. og 71. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, sbr. 2. mgr. 6. gr. og 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Einnig er vísað til 234. gr., 235. gr., 236. gr. og 1. og 2. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Um fébótaábyrgð stefndu sé vísað til 2. gr., 50. gr., 51. gr. og 59. gr. laga nr. 38/2011 um fjölmiðla, sem og b-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Um sóknaraðild stefnenda vísist til 1. mgr. 19. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, enda eigi kröfur þeirra rætur sínar að rekja til sömu atvika, og með sömu rökum séu skilyrði fyrir varaaðild samkvæmt 2. mgr. 19. gr. sömu laga, þ.e. varðandi aðalstefndu C og varastefnda D, og um heimild til réttargæslustefnu sé vísað til 21. gr. sömu laga. Kröfu um vexti og dráttarvexti styðji stefnendur við lög nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu. Krafa um vexti byggist á 1. málsl. 4. gr. laganna, sbr. 8. gr. sömu laga, um að skaðabótakröfur beri vexti frá þeim degi sem hið bótaskylda atvik átti sér stað. Krafa um dráttarvexti styðjist við 1. mgr. 6. gr. sömu laga, sbr. 9. gr. þeirra. Krafist sé dráttarvaxta frá 12. janúar 2019, að liðnum mánuði frá kröfubréfi stefnenda, dags. 12. desember 2018. Krafa um dagsektir byggist á 59. gr. laga nr. 38/2011, um fjölmiðla, sbr.

4. mgr. 114. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála. Krafa um málskostnað byggist á XXI. kafla laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, einkum 1. mgr. 130. gr., og um varnarþing sé vísað til 32. gr. og 33. gr. sömu laga. Krafa um að virðisaukaskattur leggist ofan á málskostnað byggist á 2. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

Málsástæður og lagarök aðalstefndu, varastefnda og réttargæslustefnda

Stefndu mótmæla málatilbúnaði stefnenda, þ.m.t. lýsingu málavaxta, öllum kröfum sem séu án lagastoðar og málsástæðum til stuðnings þeim, í heild sinni og um einstök atriði, þ.m.t. framlagðri „aðilaskýrslu“ stefnanda, A.

Þar sem stefnendur hafi, með tilliti til eðlis og uppbyggingar ábyrgðarreglna laga nr. 38/2011, ákveðið að fella fyrra mál niður og höfða nýtt mál, *ad allega* á hendur C, en *til vara* á hendur D, og að stefna RÚV til réttargæslu vegna þeirrar greiðsluábyrgðar sem kunni að leiða af 2. mgr. 50. gr. og 2. mgr. 51. gr. laga nr. 38/2011 krefjist stefndu ekki frávísunar málsins. Þess sé þó að gæta, að ábyrgðarmaður í skilningi laga nr. 38/2011 sé „starfsmaður fjölmiðils sem beri ritstjórnarlega ábyrgð á efni og efnisvali og ákvarðar hvernig það er skipulagt, t.d. ritstjóri, dagskrárstjóri eða útvarpsstjóri“. Sú lýsing taki trauðla til varastefnda D í þessu samhengi. Hann hafi enga aðkomu haft, hvorki beint né óbeint, að þeim fréttáflutningi sem sé rót krafna stefnenda. Hjá réttargæslustefnda RÚV sé meðal annars starfandi fréttastjóri, auk dagskrárstjóra fyrir hljóð- og myndmiðla.

Ummælin sem leitað sé ómerkingar á, og aðrar kröfur stefnenda tengjast, hafi verið birt sumarið 2017. Stefnendum hafi verið eða mátt vera fyrir löngu kunn afstaða stefndu til málatilbúnaðar þeirra, en hafi engar skýringar gefið á því hvað réttlæti langan drátt frá því að ummælin birtust þar til mál var höfðað. Stefnendur hafi sýnt af sér slíkt tómlæti að *þegar af þeim ástæðum* verði að sýkna stefndu af kröfum þeirra.

Þess sé jafnframt að gæta að samkvæmt 29. gr. laga nr. 19/1940 falli heimild til þess að höfða einkamál til refsingar niður sé mál ekki höfðað áður en sex mánuðir eru liðnir frá því að sá sem heimildina hefur fékk vitneskju um hinn seka. Þótt ekki sé höfð uppi refsikrafa á hendur stefndu verði að líta til umrædds ákvæðis við mat á tómlætisáhrifum og hljóti það í öllu falli a.m.k. að standa í vegi fyrir kröfum reistum á 2. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940.

Krafa um ómerkingu ummæla

Kröfur stefnenda um að nánar tilgreind ummæli verði dæmd dauð og ómerk byggi þeir á því að í ummælunum felist ólögsmæt meingerð gegn stefnendum, sem „fari langt út fyrir mörk leyfilegs tjáningarfrælsis“ og að háttsemin verði við 234.–236. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, án þess að refsikrafa sé gerð. Samkvæmt málatilbúnaði stefnenda sé ekki um gildisdóma að ræða, heldur „fullyrðingar“, þ.e. staðhæfingar um staðreyndir, sem séu rangar. Í málatilbúnaði þeirra virðist jafnframt felast að þau telji að með umþrættum ummælum sé verið að brigsla stefnendum um refsiverða háttsemi, þ.e.

mansal, án þess að það sé byggt á „áreiðanlegum heimildum“, og því sé jafnframt lýst með hvaða hætti stefnandi, eða stefnendur, eigi að hafa brotið af sér. Þá sé fundið að því að aðalstefnda C hafi ekki „sannreynt sannleiksgildi hinna umstefndu ummæla áður en fréttin var birt ...“ og þá hafi réttur stefnanda, A, til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri verið virtur að vettugi. Þessar málsástæður, og aðrar af áþekkingum toga, virðist liggja til grundvallar öllum þeim ummælum sem krafist sé ómerkingar á. Þetta standist ekki nánari skoðun.

Stefnendur krefjast, hvor fyrir sig, ómerkingar á hinum umstefndu ummælum. Þótt stefnandi, B, sé rekstraraðili umrædds veitingastaðar beri ummælin þess merki, þ.á m. virt í samhengi, að þau beinist öðru fremur að stefnanda A, eiganda B. Verði því ekki séð að lög standi til þess að stefnandi, B, geti krafist ómerkingar umræddra ummæla og skorti í öllu falli á, að hann hafi gert næga grein fyrir lögvörðum hagsmunum sínum hér að lútandi, sem leiði raunar til frávísunar án kröfu að þessu leyti. Þessi sjónarmið eigi við um allar dómkröfur stefnandans B í málinu, að breyttu breytanda.

Ummælin hafi verið samin og flutt af aðalstefndu, C fréttamanni. Í fréttinni sem birst hafi á ruv.is þann 30. ágúst 2017, og stafliðir A-D í dómkröfum taki til, hafi sagt:

Eigandi veitingastaðar á Ö er grunaður um vinnumansal. Grunur leikur á að starfsfólkið fái greiddar þrjátíu þúsund krónur á mánuði í laun og borði matarafgangna af veitingastaðnum. Stéttarfélag fór á staðinn undir kvöld til að ræða við fólkið.

Ábending áður en staðurinn opnaði

Veitingastaðurinn X var opnaður við [...] á Ö í september. Áður en staðurinn var opnaður formlega var fyrsta ábendingin - um að ekki væri allt með felldu - komin inn á borð stéttarfélagsins Einingar Iðju. Samkvæmt heimildum fréttastofu er eigandi staðarins, sem er [...] kona, grunuð um vinnumansal.

30.000 krónur á mánuði og borða afganga

Starfsmennirnir, fimm [...], hafi fengið loforð um góða atvinnu og framtíðarþúsetu hér á landi, gegn því að greiða háa fjárhæð fyrir. Samkvæmt heimildum fréttastofu leikur grunur á að fólkið fái greiddar 30.000 krónur á mánuði í laun, borði matarafgangna af veitingastaðnum og fái þak yfir höfuðið. Fulltrúar stéttarfélagsins eru nú að skoða, ásamt fleiri opinberum aðilum, hver það sé sem finni fólkið í Æ og komi því hingað til lands.

Fóru á staðinn með túlk

Eftirlitsmenn frá Einingu Iðju fóru á veitingastaðinn klukkan sex í dag með [...] túlk til þess að ræða við starfsfólkið. Í byrjun vikunnar hafði málið ekki komið inn á borð lögreglunnar [...] en hún hefur nú verið látin vita af málinu, ásamt mansalsteymi lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

Athugun fréttamannsins hafi leitt í ljós að það væri [...] veitingastaðurinn X á Ö sem aðstoðarframkvæmdastjóri Alþýðusambands Íslands hefði verið að vísa til í viðtali í Síðdegisútvarpinu á Rás 2 fimmtudaginn 24. ágúst 2017. Hún hafi grennslast frekar fyrir um málið og hafi meðal annars fengið upplýsingar frá stéttarfélaginu Einingu-Iðju á Ö og haft traustar heimildir fyrir því að fulltrúar stéttarfélagsins ætluðu í formlega heimsókn á veitingastaðinn. Hún hafi fengið frekari upplýsingar um þær grunsemdir sem um ræddi, þ.m.t. um meint kjör og aðstæður þeirra starfsmanna sem í hlut áttu og um að samband hefði verið haft við Rauða krossinn. Sömuleiðis hafi hún haft heimildir fyrir því að búið væri að gera lögreglu viðvart og málið hefði þannig ratað inn á borð hennar, sem sé algengt verklag í málum af þessum toga. Stefnendur virðist ekki bera brögður á það. Tilvísun stefndu C til „opinberra aðila“ hafi jafnframt vísað til stéttarfélaga, nánar tiltekið Alþýðusambands Íslands. Þótt Alþýðusamband Íslands, og Eining-Iðja, séu strangt til tekið ekki opinberir aðilar, í lagalegu tilliti, þá gegni þau ákveðnu samfélagslegu hlutverki og skyldum, þegar grunur um mansal sé annars vegar. Í fréttinni hafi sagt „[f]ulltrúar stéttarfélagsins [Einingar Iðju] eru nú að skoða, *ásamt fleiri* opinberum aðilum“. Þannig sjáist af samhenginu að rætt sé um stéttarfélög sem opinbera aðila. Því sé hvorki haldið fram í hinum umstefndu ummælum að málið sæti formlegri lögreglurannsókn né að formlegri kærni hafi verið beint þangað, eins og helst sé að skilja af stefnu. Síðar komi fram að lögregluyfirvöld hafi „verið látin vita“ af málinu, og sé *ekki* krafist ómerkingar þeirra ummæla.

Fréttastofan, þ.m.t. C, hafi talið að umfjöllunarefnið, sem hafi í hnotskurn tekið til þess að grunur væri um mansal, ætti *ótvírætt erindi til almennings*. Þau hafi líka talið sig hafa traustar og áreiðanlegar heimildir, þ.m.t. með hliðsjón af því sem aðstoðarframkvæmdastjóri Alþýðusambands Íslands hafi sagt í Síðdegisútvarpinu á Rás 2 og nánari eftirgrennslan, þ.m.t. samskipti við Eflingu-Iðju, hafi leitt í ljós. Stéttarfélagið Efling-Iðja hafi ekki neitað því að hafa staðfest við fréttastofu, þ.e. C, að grunur væri fyrir hendi.

Því hafi aldrei verið slegið föstu að stefnendur hefðu *gerst sekir* um refsiverða háttsemi, eins og helst sé að skilja af stefnu málsins. Á hinn bóginn segi að *grunur* sé um vinnumansal, og hvers efnis grunurinn sé meðal annars. Sá grunur hafi verið fyrir hendi, sem sé mergurinn málsins. Mansal á vinnumarkaði hafi verið skilgreint þannig að einstaklingur eða hópur einstaklinga nýti sér bága stöðu annarrar manneskju með eigin gróða að leiðarljósi. Miðað við efni fréttarinnar, þ.e. umræddar grunsemdir, falli hugtakanotkunin þannig að viðurkenndri fræðilegri skilgreiningu. Sömuleiðis hafi það verið talið hlutverk stéttarfélaga, a.m.k. hafi þau sjálf talið það, að grípa til viðeigandi aðgerða þegar upp komi mál þar sem grunur sé um mansal. Fréttin sé fyrst og fremst sett fram í *samhengi* við aðkomu verkalýðsfélagsins, sem hafi viðurkennt þessa aðkomu.

Fréttaöflunin hafi farið fram í góðri trú og verið, ekki síst á tímamarki birtingar, reist á traustum staðreyndalegum grunni og heimildum og grunur hafi verið fyrir hendi.

Leitað hafi verið viðbragða stefnenda þegar næsta dag, ítrekað, en þau hafi ekki viljað veita viðtal. Ekkert færi hafi gefist á viðtali við stefnanda A í hinni beinu útsendingu, enda hafi aðgerðir þá staðið yfir. Aðalstefnda C hafi heldur ekki talið rétt að leita viðbragða þeirra sem í hlut áttu *áður en* kæmi til mögulegra aðgerða, enda sé slíkt til þess fallið að geta spillt þeim, og um leið hagsmunum meintra þolenda. Það sé viðtekin venja í störfum fréttastofu að séu heimildir fyrir yfirvofandi rannsóknaraðgerðum, eða því um líku, þá sé ekki leitað viðbragða hjá þeim sem þær beinast að fyrir fram, heldur þvert á móti eftir á. Slíkt standi hins vegar ekki í vegi fyrir fréttaflutningi af rannsóknaraðgerðum eða viðlíkum aðgerðum á vettvangi, sé umfjöllunarefnið af þeim toga að það eigi erindi til almennings á annað borð, eins og hér hafi staðið á. Skýra verði þau lög og reglur sem stefnendur vísi til meðal annars í þessu ljósi. Hér sem endranær verði jafnframt að gæta þeirrar verndar sem fjölmiðlar og fréttamenn njóti samkvæmt 73. gr. stjórnarskrár.

Að öllu þessu virtu, þ.m.t. með hliðsjón af dómaframkvæmd mannréttindadómstóls Evrópu, verði ekki séð að lagaskilyrði standi til að ómerkja hin umstefndu ummæli. Aðalstefnda C og um leið fréttastofa réttargæslustefnda RÚV hafi meðal annars, og a.m.k. í öllum meginatriðum og með hliðsjón af atvikum og aðstæðum málsins, gætt þeirra krafna sem geri megi til fjölmiðlamanna, þ.m.t. í skilningi laga og reglna og dómaframkvæmdar.

Krafa um miskabætur

Krafa stefnenda um greiðslu miskabóta sé sögð reist á b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Stefnendur byggi á því að ummælin séu óumdeilanlega röng og feli í sér ólögmæta meingerð í skilningi tilvísaðs lagaákvæðis. Meðal annars sé á því byggt að umfjöllunin hafi valdið stefnanda A og fjölskyldu hennar hugarangri, kvíða og miska. Þá virðist sem stefnandi, B, styðji kröfu sína einkum við það að ummælin hafi haft „mjög skaðleg áhrif á orðspor félagsins og eru til þess fallin að skaða viðskiptavild og raska stöðu fyrirtækisins ...“, og í því sambandi sé meðal annars vísað til 1. gr. laga nr. 71/1928 um vernd atvinnufyrirtækja gegn óréttmætum prentuðum ummælum. Stefnu mótmæli kröfum beggja stefnenda um miskabætur, og því að skilyrðum miskabótaábyrgðar, meðal annars um vítavert gáleysi, sé fullnægt.

Fjárhæð miskabótakröfu sé sérstaklega mótmælt sem allt of hárrí. Virðist hún fjarri því að vera í samræmi við dómaframkvæmd, að virtu sakarefni málsins. Fari svo ólíklega að fallist verði á kröfur stefnenda, sýnist rétt að upphafstími dráttarvaxta, sem og skaðabótavaxta, miðist við dómsuppsögu, sbr. 9. gr. laga nr. 38/2001.

Því sé jafnframt sérstaklega mótmælt að skilyrði standi til þess að dæma lögpersónunni B miskabætur. Þótt æruvernd lögaðila sé ekki útilokuð að lögum fari því

fjarri að hún verði lögð að jöfnu við æruvernd einstaklinga. Að öllu virtu, þ.m.t. þeirri staðreynd að hvorki stefnandi B né veitingastaðurinn hafi verið nafngreind, séu ekki skilyrði til greiðslu miskabóta. Rökstuðningur stefnanda B til stuðnings þessari kröfu virðist í grunninn hverfast um meint fjárhagslegt tjón, þ.m.t. í formi meintrar skertrar viðskiptavildar og röskunar á samkeppnisstöðu. Samkvæmt þessu sé krafan í eðli sínu krafa um bætur fyrir fjártjón, en ekki miska, án þess að málatilbúnaður stefnanda B taki af því mið.

Krafa um greiðslu kostnaðar vegna birtingar dóms

Kröfur um greiðslu kostnaðar vegna birtingar dóms í öðrum fjölmiðlum en hjá réttargæslustefnda RÚV séu sagðar byggðar á 2. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940. Kveðist stefnendur meðal annars telja sig „þurfa að birta forsendur og dómsorð á heilsíðum á bls. 3 í tveimur dagblöðum“. Engin skilyrði séu fyrir því að kröfu um greiðslu kostnaðar vegna birtingar dóms verði við komið í málinu. Krafan sé einnig óþörf og gangi a.m.k. allt of langt, þ.m.t. að virtu því að jafnframt sé þess krafist að stefndi Ríkisútvarpið ohf. geri grein fyrir dómsorði og forsendum þess á vefsíðu sinni og í dagskrá. Engin nauðsyn standi til þess að kaupa heilsíðuauglýsingu, og á bls. 3, hvað þá í tveimur fjölmiðlum.

Krafa um að gerð sé grein fyrir forsendum og dómsorði, að viðlögðum dagsektum

Krafa um birtingu að viðlögðum dagsektum hjá miðlum réttargæslustefnda sé sögð reist á 59. gr. laga nr. 38/2011 um fjölmiðla. Með öllum sömu rökum standi lagaskilyrði ekki til þess að stefndu „verði með dómi, að viðlögðum dagsektum að fjárhæð 100.000 kr.,- á dag ...“ gert skylt að gera grein fyrir forsendum dóms og dómsorði í miðlum réttargæslustefnda Ríkisútvarpsins ohf. Því sé mótmælt að skilyrði standi til þess að skyldan sé að viðlögðum dagsektum. Þá sé fjárhæð og upphafstíma dagsekta sérstaklega andmælt.

Um lagarök sé vísað til stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, sbr. einkum tjáningarfrelsisákvæði 73. gr. hennar, sbr. og 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Þá vísast til meginreglna fjölmiðlaréttar, almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og laga nr. 23/2013 um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannapágu, auk laga nr. 38/2011 um fjölmiðla, þ.m.t. ábyrgðarreglna þeirra laga. Eins vísast til skaðabótalaga nr. 50/1993 og meginreglna skaðabótaréttar. Kröfu sína um málskostnað styðji aðalstefnda varastefndi og réttargæslustefndi við XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Niðurstaða

Í máli þessu eru til úrlausnar kröfur stefnanda um ómerkingu ummæla, um miskabætur, um greiðslu fyrir birtingu dóms í tilteknum fjölmiðlum og um birtingu dóms í fjölmiðlum réttargæslustefnda, vegna nánar tiltekinnna ummæla og fréttáflutnings sem gerð er grein fyrir í köflum um dómkröfur og um málsatvik hér að framan, auk krafna um málskostnað. Verður fyrst vikið að aðild og áhrif tómlætis.

Stefndu telja að lög standi ekki til þess að stefnandi B geti krafist ómerkingar umræddra ummæla. Ekki sé nægilega gerð grein fyrir lögvörðum hagsmunum hans af úrlausn dómkrafna hvað hann varði, og það leiði til frávísunar þeirra án kröfu. Í stefnu er því haldið fram að veitingastaðurinn, sem rekinn er af þessum stefnanda, njóti æruverndar á grundvelli almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, og laga nr. 71/1928, um vernd atvinnufyrirtækja gegn óréttmætum prentuðum ummælum. Um þetta er vísað til dóms Hæstaréttar í máli nr. 426/2002. Telja verður að fréttáflutningurinn beinist að stefnanda B með þeim hætti að játa verði honum aðild að meiðyrðamáli vegna þeirra, sbr. til hliðsjónar fyrrnefndan dóm Hæstaréttar, en óumdeilt er að þessi stefnandi rekur veitingastaðinn sem fjallað var um. Því verður ekki fallist á að vísa beri kröfum þessa stefnanda frá dómi án kröfu. Að því er varðar aðild til varnar gera stefndu ekki athugasemdir við þann lagagrundvöll sem stefnendur byggja málsókn sína á, með tilliti til eðlis og uppbyggingar ábyrgðarreglna laga nr. 38/2011, um fjölmiðla, þó að lýst sé efasemdum um ábyrgð varastefnda vegna stöðu hans hjá réttargæslustefnda RÚV. Á hinn bóginn ber ekkert hinna stefndu brögður á það að aðalstefnda beri ábyrgð á efninu, sem hafi verið samið og flutt af henni, og telst það óumdeilt. Í þessu sambandi er þess að gæta að sú kröfugerð stefnanda, að „stefndu verði hvert fyrir sig dæmd til greiðslu málskostnaðar“, samræmist ekki grundvelli málsóknar þeirra á hendur varastefnda og réttargæslustefnda. Að varastefnda verður kröfum aðeins beint til vara, sbr. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 91/1991 og reynir því ekki á málskostnaðarkröfu á hendur honum fremur en aðrar kröfur nema aðalstefnda verði sýknuð af þeim. Engar kröfur verða gerðar á hendur réttargæslustefnda, sbr. 2. mgr. 21. gr. sömu laga, og ber þegar af þeirri ástæðu að vísa málskostnaðarkröfu á hendur honum frá dómi án kröfu.

Stefndu telja langan drátt frá því að ummælin birtust og þar til málið var höfðað eiga að leiða til sýknu vegna tómlætis og að sá dráttur standi að minnsta kosti í vegi fyrir kröfum reistum á 2. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga. Þó að liðið hafi á annað ár frá því að umstefnd ummæli birtust og voru flutt þar til stefnendur gerðu reka að því að krefja stefndu um afsökunarbeiðni og miskabætur verður ekki fallist á það með stefndu að með því hafi þeir sýnt af sér slíkt tómlæti að leiða eigi til sýknu þegar af þeim ástæðum. Þegar mál þetta var höfðað var liðinn frestur til að höfða einkamál til refsingar samkvæmt 29. gr. almennra hegningarlaga. Þegar svo stendur á verður refsikrafa ekki höfð uppi í meiðyrðamáli. Með hliðsjón af 6. mgr. 82. gr. laganna, um áhrif fyrningar sakar, og m.a. dómi Hæstaréttar frá 6. maí 1993 í máli nr. 187/1991, verður að líta svo á að ekki verði heldur hafðar uppi kröfur um viðurlög á grundvelli 2. mgr. 241. gr. laganna í slíku máli.

Víkur þá að atvikum málsins og öðrum málsástæðum fyrir kröfum aðila. Stefnendur byggja kröfur sínar á því að þau ummæli sem krafist er ómerkingar á og bóta fyrir feli í sér ærumeiðandi móðgun og aðdróttun í garð þeirra og brjóti þar með gegn

234. gr., 235. gr. og 236. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Ummælin feli í sér afar meiðandi staðhæfingar og alvarlegar ávirðingar, m.a. um refsiverða háttsemi, sem séu rangar og ósannaðar, en sönnunarbyrðin hvíli á stefndu. Fréttin hafi ekki byggst á áreiðanlegum heimildum, sannleiksgildi ummæla hafi ekki verið sannreynt og því hafi fréttamaðurinn ekki getað verið í góðri trú um sannleiksgildi þeirra. Reglur um fagleg vinnubrögð hafi verið þverbrotnar og réttur stefnenda til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri verið virtur að vettugi. Stefndu reisa sýknukröfur einkum á því að heimilda hafi verið aflað, fréttin hafi verið sett fram í góðri trú og engu hafi verið slegið föstu um sekt stefnenda. Fréttin hafi verið reist á traustum staðreyndalegum grunni við birtingu og leitað hafi verið viðbragða stefnenda þegar í kjölfarið. Umfjöllunarefnið hafi átt erindi við almenning og fréttamaður á fjölmiðli njóti ríks tjáningarfrelsis þegar fjallað sé um mikilvæg þjóðfélagsmál.

Í sérstökum kafla hér að framan er greint frá málsatvikum eins og þeim er lýst annars vegar í stefnu og hins vegar í greinargerð. Í aðilaskýrslu fréttamannsins við aðalmeðferð málsins kom fram að hún hefði við vinnslu fréttarinnar bæði verið í sambandi við stéttarfélagið Einingu-Iðju á Ö og við I, aðstoðarframkvæmdastjóra ASÍ, í framhaldi af útvarpsviðtali við hann 24. ágúst 2017. Meðal gagna málsins er uppritun á útvarpsviðtalinu þar sem I greindi frá ábendingu sem hann hafði fengið sama dag um [...] veitingastað. Þetta kom fram í tengslum við umfjöllun um viðleitni verkalyðshreyfingarinnar til að upplýsa um það sem I kallaði skipulagða glæpastarfsemi, og mansal í verstu dæmunum, og þörf á samvinnu við vinnuveitendur, opinberar stofnanir og lögreglu í því sambandi. Fram kom að mál vegna ábendingarinnar væri einfaldlega komið í ferli. Í vitnisburði I fyrir dóminum staðfesti hann efni skriflegrar yfirlýsingar sinnar, dags. 26. mars 2019, sem er meðal málsskjala, þar sem hann greinir frá samskiptum sínum við fréttamanninn í tilefni orða hans í útvarpsviðtalinu. Hann hafi ekki greint frá nafni staðarins en fréttamaðurinn hafi talið víst að vísað væri til X á Ö. Þá hafi hann greint henni frá upplýsingum sem hann hafði ritað samdægurs í greinargerð um málið. Er hún meðal málsskjala og þar er greint frá efni ábendingarinnar, m.a. því að haft var eftir starfsmönnum á þessum veitingastað að þeir hefðu greitt háa fjárhæð til miðlara í Æ og verið lofað góðri atvinnu og framtíðarþúsetu á Íslandi ef þeim sýndist svo. Einnig hefðu þeir sagt að þeir hefðu 30.000 krónur á mánuði, frítt húsnæði og mættu hirða kartöflur og kjúklingaafganga sér að kostnaðarlausu og að vinnutímamál virtust vera í ólestri. Í yfirlýsingu I kemur fram að hann hafi jafnframt greint fréttamanninum frá því að upplýsingar hefðu borist frá öðrum heimildum, sem hann hafi ekki gefið upp, um þennan veitingastað, sem styddu við það sem fram hefði komið og að ástæða væri til að ætla að um alvarlega brotastarfsemi gæti verið að ræða. Hann teldi upplýsingarnar trúverðugar og að tilefni væri til að fylgja þeim frekar eftir.

Í framburði vitnisins F, sem er formaður stéttarfélagsins Einingar-Iðju, var staðfest að ábending, sem hefði borist varðandi veitingastaðinn, hefði verið talin alvarleg og að lögregla hefði verið látin vita. Ábendingin hefði gengið í þá áttina að um mansal gæti verið að ræða. Lögregla hafi verið viðbúin ef þurft hefði að kalla hana til þegar farið var í formlega heimsókn, eða grunnathugun, á veitingastaðinn 30. ágúst 2017. Við rannsókn málsins hafi ekki komið í ljós að ábendingin ætti við rök að styðjast og hefði rannsókn verið lokið í byrjun september 2017 eftir öflun gagna og athugun þeirra. Vitnið J, starfsmaður sama stéttarfélags, staðfesti samskipti sín við aðalstefndu í aðdraganda fréttáflutningsins í framburði sínum við aðalmeðferð málsins. Einnig staðfesti hann það að lögregla væri látin vita í slíkum tilvikum og að stundum kæmi til þess að kalla þurfti lögreglu til aðstoðar við slíkt eftirlit.

Í málinu telst upplýst að lögregla hafi verið látin vita af málinu, svo sem greint er frá í fréttinni og vitni staðfesta, en ummæli um það eru ekki meðal þeirra sem krafist er ómerkingar á. Um það að gengið hefði verið lengra en heimilt sé í fréttáflutningnum byggja stefnendur einkum á því, og telja það alvarlegast, að þar hafi komið fram ásökun um refsivert og svívirdilegt brot með því að með notkun orðsins grunur sé gefið til kynna að málið sæti sakamálarannsókn, sem enginn fótur sé fyrir. Við málflutning var af hálfu stefnenda m.a. vísað til dóms Hæstaréttar í máli nr. 525/2012, þar sem ummæli voru ómerkt og litið til þess að viðkomandi hefði hvorki verið fundinn sekur um þá háttsemi sem hann var í umfjöllun sakaður um, né hefði hann sætt formlegri rannsókn lögreglu. Þá vísa stefnendur til dóms Mannréttindadómstóls Evrópu frá 6. apríl 2010 í máli Ruokanen o.fl. gegn Finnlandi, nr. 45130/06, en þar höfðu ummæli, sem fólu í sér staðhæfingar um ásökun um refsiverðan verknað og voru birt áður en lögreglurannsókn hófst, verið talin óheimil. Af hálfu stefndu var við málflutning í þessu máli meðal annars vísað til dóms Mannréttindadómstólsins í máli Reynis Traustasonar gegn Íslandi frá 4. maí 2017 í máli nr. 44081/13, en í málsvörn íslenska ríkisins fyrir dómstólnum í því máli hafði reyndar meðal annars verið vísað til fyrrnefnds dóms í máli Ruokanen o.fl. gegn Finnlandi. Í máli Reynis Traustasonar hafði Hæstiréttur í dómi sínum í máli nr. 314/2012 frá 6. desember 2012 staðfest niðurstöðu héraðsdóms um að ómerkja bæri ummæli þar sem staðhæft hafði verið að maður sætti lögreglurannsókn. Upplýst var að hjá efnahagsbrotadeild væri tilkynning skiptastjóra til skoðunar, en formleg ákvörðun um lögreglurannsókn hafði ekki verið tekin eða sakarefni afmarkað og ekkert lá fyrir um að slík rannsókn hefði hafist síðar. Í dómi Mannréttindadómstólsins kemur fram að efni umræddrar greinar hafi takmarkast við að greina frá því að lögreglan hefði verið upplýst af skiptastjóra um rökstuddan grun um refsivert athæfi. Mikilvægt sé að í greininni var ekki staðhæft að viðkomandi hefði verið kærður, sætti ákæru, hefði verið dreginn fyrir dóm, væri sekur eða hefði verið sakfelldur fyrir afbrot. Efni greinarinnar, tekið í heild sinni og í samhengi, hafi því ekki gengið lengra en að lýsa eðli og umfangi þeirra

efnislegu upplýsinga sem fréttáflutningurinn byggðist á. Atvikum málsins svipar að þessu leyti til atvika þessa máls, en hér er þó ekkert staðhæft um lögreglurannsókn, heldur er rætt um grun í hinum umstefndu ummælum, en í sömu frétt kom fram að lögregla hefði verið látin vita af málinu. Niðurstaða Mannréttindadómstólsins í máli Reynis Traustasonar var sú að íslensku dómstólarnir hefðu ekki gætt eðlilegs jafnvægis í meðalhófi milli þeirra aðgerða sem gripið var til, þ.e. að skerða tjáningarfrelsi fréttamannsins, og þess lögmæta markmiðs sem stefnt var að, og hefði íslenska ríkið því brotið gegn 10. gr. mannréttindasáttmálans.

Við mat á því hvar draga skuli mörkin milli tjáningarfrelsis, sem nýtur verndar samkvæmt 73. gr. stjórnarskrár, og friðhelgi einkalífs, sem varin er af 71. gr. hennar, skiptir miklu hvort það efni sem birt er geti talist þáttur í þjóðfélagslegri umræðu og eigi þannig erindi til almennings. Fjölmiðlar hafa mikilvægu hlutverki að gegna við miðlun upplýsinga og skoðana um þjóðfélagsleg málefni. Almennigur á rétt á að fá upplýsingar sem slík málefni varða og þurfa sérstaklega ríkar ástæður að vera fyrir því að skerðing á frelsi fjölmiðla geti talist nauðsynleg í lýðræðisþjóðfélagi. Slíkar skerðingar geta eftir atvikum átt við séu ósönn ummæli birt eða borin út opinberlega gegn betri vitund. Við umfjöllun um málefni eins og hér um ræðir verður að játa fjölmiðlum ríkan rétt og svigrúm til að gera grein fyrir slíkum málum, en við þá umfjöllun verður að gæta, eftir því sem kostur er, að friðhelgi einkalífs stefnenda.

Að virtu því sem upplýst þykir um atvik þessa máls, m.a. í ljósi trúverðugs framburðar fyrrgreindra vitna, verður ekki fallist á að fréttamaðurinn hafi verið í vondri trú um sannleiksgildi fréttarinnar eða að hún hafi ekki byggst á áreiðanlegum heimildum. Slá má því föstu að umræddar ábendingar vöktu grunsemdir um vinnumansal, sem telja verður til málefni sem skiptir almenning miklu, og telst fréttáflutningur af slíku vera þáttur í þjóðfélagslegri umræðu. Að því virtu og með hliðsjón af framangreindri dómaframkvæmd verður að telja að umfjöllun aðalstefndu um fyrirbyggjandi upplýsingar um grun um vinnumansal, sem verkalýðshreyfingin taldi ástæðu til að taka til rannsóknar og lögreglu hafði verið gert aðvart um, hafi ekki gengið lengra en að lýsa eðli og umfangi þeirra upplýsinga sem grunurinn byggðist á og að umfjöllunin hafi ekki falið í sér ásakanir um refsiverða háttsemi stefnenda umfram það sem upplýsingarnar gáfu tilefni til. Verður því ekki fallist á að um óheimilan sakaráburð hafi verið að ræða sem leiða skuli til þess að ummælin verði ómerkt.

Stefnendur halda því fram að reglur um fagleg vinnubrögð fréttamanna hafi verið þverbrotnar og að réttur stefnenda til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri hafi verið virtur að vettugi. Með því hafi aðalstefnda brotið gegn skyldum sínum samkvæmt lögum nr. 23/2013, um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannabágu og gegn 26. gr. laga nr. 38/2011, um fjölmiðla. Fyrir liggur að aðalstefnda leitaði ekki sjónarmiða stefnanda A um fyrirbyggjandi grun og fyrirhugaðar aðgerðir stéttarfélagsins áður en til þeirra kom og

áður en frétt birtist á vef réttargæslustefnda og frétt var flutt í beinni útsendingu frá aðgerðum stéttarfélagsins á veitingastaðnum. Jafnframt er upplýst í gögnum málsins, þ.e. í samskiptum aðalstefndu við þáverandi lögmann stefnanda A, að fréttamaðurinn leitaði eftir viðtali við hana þegar daginn eftir frétttaflutninginn og aðgerðirnar, en þeirri umleitan var hafnað bæði þá og síðar. Fallist er á það með stefnendum að sú skylda sem lögð er á fjölmiðlaveitu í 26. gr. fjölmiðlalaga til að gæta þess að uppfylla kröfur um hlutlægni og nákvæmni í frétttaflutningi sínum og gæta þess að mismunandi sjónarmið komi fram feli í sér að almennt beri að gefa hlutaðeigandi kost á að lýsa afstöðu sinni til málefnis sem til stendur að flytja fréttir af áður en það er gert. Á hinn bóginn verður einnig að ætlast til þess að fjölmiðlar spilli ekki vísitandi rannsóknum opinberra aðila með miðlun upplýsinga sem þeir hafa fengið um fyrirhugaðar rannsóknaraðgerðir. Í framburði starfsmanns stéttarfélagsins fyrir dómi, vitnisins J, kom fram að vegna eðlis málsins og tilefnis heimsóknar stéttarfélagsins á veitingastaðinn hefði verið verra ef stefnandi A hefði verið upplýst um heimsóknina fyrir fram. Þá verður ekki fram hjá því litið að gildi fréttar er eðli málsins samkvæmt órjúfanlega tengt því hvenær þær eru fluttar. Í ljósi umfjöllunar í síðdegisútvarpi nokkrum dögum fyrir umræddan frétttaflutning aðalstefndu og ummæla aðstoðarframkvæmdastjóra ASÍ þar í viðtali, þá verður að telja það frétt næmt og hafa átt erindi við almenning á þeim tíma að sá grunur um mansal sem þar var kynntur til sögunnar væri tekinn alvarlega og að málinu væri fylgt eftir með aðgerðum stéttarfélagsins á staðnum. Breytir sú niðurstaða stéttarfélagsins að lokinni athugun að ekki væri tilefni til frekari aðgerða engu um það.

Að virtu öllu framangreindu verður kröfum stefnenda um ómerkingu þeirra ummæla sem rakin eru í dómkröfum hafnað. Með sömu röksemdum verður ekki á það fallist að í umræddum ummælum eða aðferðum fréttamannsins felist ólögmat meingerð í skilningi b-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 gegn frelsi, friði, æru eða persónu stefnenda sem aðalstefnda, eða varastefndi til vara, beri bótaábyrgð á og leitt geti til greiðsluskyldu réttargæslustefnda. Er kröfum stefnenda um miskabætur því einnig hafnað. Þá verður einnig eftir þeim úrslitum hafnað kröfum um birtingu þessa dóms, að viðlögðum dagsektum, í miðlum réttargæslustefnda. Viðurlög sem felast í greiðslu kostnaðar af birtingu dómsins í öðrum fjölmiðlum verða ekki dæmd svo sem áður greinir.

Eftir úrslitum málsins og með hliðsjón af 1. mgr. 130. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 verður stefnendum sameiginlega gert að greiða aðalstefndu, varastefnda og réttargæslustefnda málskostnað, sbr. 132. gr. sömu laga, sem hæfilegur er ákveðinn 500.000 krónur til hvers þeirra um sig.

Kristrún Kristinsdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Aðalstefnda C og varastefndi D eru sýkn af öllum kröfum stefnenda, A og B. Kröfu stefnenda um málskostnað úr hendi réttargæslustefnda, Ríkisútvarpsins ohf., er vísað frá dómi. Stefnendur greiði sameiginlega aðalstefndu, varastefnda og réttargæslustefnda, hverju um sig, 500.000 krónur í málskostnað.

Kristrún Kristinsdóttir